

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 10. nóvember 2016 var haldinn 148. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17.05. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Hafsteinn Númason, Eldey Huld Jónsdóttir, Ólafur Þór Zoéga og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sat Margrét Richter, deildarstjóri fjármála og rekstrar Miðgarðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynningu á stöðu reksturs Fólkvangs. Einnig lagðir fram ársreikningar fyrir 2015.

Óli Jón Hertervig, Sigþór Magnússon og Guðni Ársæll Indriðason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Hverfiráð Kjalarnes leggur fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráðið mælir með því að samningurinn verði framlengdur á húsnæði Fólkvangs. Eins er óskað eftir því að umræður fara fram milli eignarsvið borgarinnar og rekstrarfélagið á hugsanlegri aukaleigu á viðbótarhúsnæði við Fólkvang (húsvardar íbúð) sem nú er laus.

- kl. 17.10 tekur Björg Sætran sæti á fundinum.
2. Fram fer kynning á fyrirhugaðri vinnu við hverfisskipulag í Grafarvogi.  
Ævar Harðarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
  - Kl 17.55 vikur Ólafur Þór Zoéga af fundinum.
3. Lagt fram erindi frá Íbúasamtökum Kjalarness vegna Fólkvangs. Frestað.
  4. Lagðar fram umsóknir vegna breytiga á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Hrafnhólar og Hof.

Hverfisráð Kjalarnes leggur fram eftirfarandi bókanir:

Hverfisráð Kjalarness fagnar þeim áformum sem fram koma í lýsingu á heilsutengdum búrekstri og þjónustu á Hrafnhólum. Hverfisráðið telur hugmyndirnar samræmast vel þeim áherslum og hugmyndum sem áður hafa komið fram um fjölbreytta og sjálfbæra landnotkun á Kjalarnesi. Benda má á hugmyndir sem fram komu á opnum vinnufundi sem haldinn var mánudaginn 7. nóvember síðastliðinn um landbúnað og landnotkun á Kjalarnesi þar sem m.a. kom fram áhersla íbúa á fjölbreytta landnotkun, sjálfbærni, lífræna ræktun og nálægð við náttúru og náttúruupplifun.“

Hverfisráð Kjalarnes leggur fram svohljóðandi bókun:

Eins og fram kemur í lýsingu á verkefninu er markmiðið með deiliskipulaginu að koma upp þjónustu fyrir göngu- hesta- og hjólræðafólk með salernisaðstöðu, hesta- og farangursskýli auk möguleika á kaffisölu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Hverfisráð Kjalarness telur verkefnið samræmast hugmyndum um skipulag Græna trefilsins og

aðalskipulagi. Hverfisráðið bendir á að um tímamót er að ræða ef af deiliskipulaginu verður á spildunni. Fram til þessa hafa félagasamtök á Kjalarnesi undir merkjum Græns Kjalarness lagt áherslu á framtíðarmöguleika svæðisins í næsta nágrenni við spilduna sem um ræðir. T.d. er gróðursetningarsvæði Skógræktarfélags Kjalarness rétt hjá og hefur það nýlega verið stækkað. Einnig er Arnarhamarsrétt í næsta nágrenni. Það hefur verið kappsmál Kjalnesinga í mörg ár að gamla þjóðleiðin í Esjuhlíðum verði merkt og gerð sýnileg. Hverfisráð Kjalarness fagnar því ef starfsemin sem fram kemur í lýsingunni verður að veruleika og telur hana styrkja hugmyndir um nýtingu svæðisins sem stefnt hefur verið að á Kjalarnesi.

5. Fram fer umræða um ljósleiðaramál/nettengingar á Kjalarnesi.

Hverfisráð Kjalarnes leggur fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness vill vekja athygli borgaryfirvalda á því að nettengingum íbúa á Kjalarnesi, einkum í dreifbýli, er víða ábótavant. Til þess að allir íbúar Reykjavíkur sitji við sama borð hvað fjarskiptatengingar varðar er nauðsynlegt að borgin geri áætlun um hvernig þessum málum verði komið í ásættanlegt horf.

Nú er unnið að því að leggja raflínur í jörð á Kjalarnesi og er bent á að skynsamlegt geti verið að leggja ljósleiðara samhliða. Hverfisráðið óskar eftir því að upplýsingar um framgang málsins eigi síðar en 8. janúar 2017.

6. Fram fer umræða um mengun frá matvælaframleiðslu. Frestað.
7. Fram fer umræða um opið hús í Fólkvangi. Samþykkt að hafa opið hús á vegum hverfisráðsins í framhaldi af hverfisráðsfundi 8. desember næstkomandi.

**Fundi slitið kl.19.19**

Sigríður Pétursdóttir

Guðfinna Ármannsdóttir  
Eldey Huld Jónsdóttir

Hafsteinn Númason